

Dómsmála- og mannréttindaráðherra
Ögmundur Jónasson
Skuggasundi 3
Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010

Varðar: Umsögn saksóknara Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á lögum um landsdóm nr. 3/1963.

Með ályktun Alþingis 28. september 2010 var ákveðið, m.a. með atkvæði yðar, að höfða mál á hendur mér fyrir landsdómi. Hefur forseti landsdóms með bréfi dags. 30. september 2010 tilkynnt mér um þessa málshöfðun í samræmi við 14. grein laga um landsdóm.

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrumvarp til laga um breytingar á lögum um landsdóm (þingskjal nr. 278) sem þér flytjið. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að byggt sé á tillögum forseta landsdóms í bréfi til ráðuneytisins dags. 21. október 2010, þ.e. tæpum mánuði eftir að Alþingi tók ákvörðun um málshöfðun.

Við 1. umræðu um frumvarpið á Alþingi 24. nóv. sl. kom fram hjá yður í svari við fyrirspurn þingmanns að einhver atriði frumvarpsins hefðu verið borin undir saksóknara Alþingis sem kjörinn var 12. október 2010.

Með bréfi þessu er þess farið á leit að mér verði veittar nánari upplýsingar um aðkomu saksóknara Alþingis að samningu framangreinds lagafrumvarps.

Ég óska eftir því að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið afhendi mér án tafar afrit allra fyrirliggjandi gagna um samskipti saksóknara Alþingis og ráðuneytisins við frumvarpsgerðina. Jafnframt er þess óskað að ég fái upplýsingar um og afrit af öllum samskiptum ráðuneytisins við forseta landsdóms af sama tilefni.

Ég byggi rétt minn til aðgangs að fyrirliggjandi gögnum í málinu á 3. grein upplýsingalaga nr. 50/1996.

Þar sem mér hefur ekki verið skipaður verjandi í málinu, þrátt fyrir skýlaus ákvæði 15. greinar laga um landsdóm, rita ég yður þetta bréf í eigin nafni.

Virðingarfyllt,